

Grunnþættir 2. bekkur

Íslenska

Lýðræði og mannréttindi:

Að nemendur verði virkir og taki þátt í samræðum t.d. sem spjallfélagar og á bekkjarfundum. Nemendur vinni með verkefni tengd nærsamfélaginu og þeir geri bekkjarsáttmála.

Læsi

Að nemendur vinni með læsi í víðum skilningi og áhersla á fjölbreytileika í framsetningu, t.d. myndlæsi og menningarlæsi. Nemendur vinni með fjölbreyttan texta sem stuðlar að auknum orðarforða og málskilningi.

Sjálfbærni

Sjálfbærni sé kennd í daglegri umgengni í skólanum og taki til bæði samskipta nemenda við hvern annan og umhverfi sitt.

Sköpun

Að nemendur vinni fjölbreytt verkefni sem sett eru fram á skapandi hátt og þeir styrktir í að nota eigið frumkvæði og sköpunarkraft.

Jafnrétti

Að nemendur fái námsefni og kennslu við hæfi hvers og eins og reynt verður að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig að allir fái notið sín.

Heilbrigði og velferð

Að taka mið að þörfum allra nemenda og skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms.

Stærðfræði

Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur fái námsefni og kennslu miðað við persónulega stöðu í námi. Nemendur verði þjálfaðir í að rökræða niðurstöður og leggja mat á rökstuðning frá öðrum.

Læsi

Að nemendur geti með aðstoð orðið stærðfræðilæsir á nánasta umhverfi sitt t.d. talnalæsi, hugtakalæsi og mælingalæsi.

Sjálfbærni

Að nemendur þjálfist í mismunandi hæfni og noti fjölbreyttar aðferðir t.d. til að mæla tiltekna hluti, skrá og meta hvort niðurstöður mælinga séu réttar. Þeir geti notað stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum eða fyrirbrigðum og geti dregið einfaldar ályktanir.

Sköpun

Að nemendur vinni fjölbreytt verkefni og setji þau fram á skapandi og listrænan hátt. Nemendur noti hlutbundin gögn þar sem hlutbundin nálgun ýtir undir skapandi hugsun.

Jafnrétti

Að nemendur fái námsefni og kennslu við hæfi hvers og eins og reynt verði að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig að allir fái notið sín.

Heilbrigði og velferð

Að nemendur fái tækifæri til að vinna út frá styrkleikum sínum og byggja upp jákvætt viðhorf.

Náttúrufræði

Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur verði meðvitaðir um réttindi sín og skyldur í lýðræðissamfélagi og læri að taka ábyrgð á eigin lífi.

Læsi

Að nemendur læri að lesa á sitt nærumhverfi og þeir fái þjálfun í myndlæsi.

Sjálfbærni

Að nemendur verði meðvitaðir um endurvinnslu, flokkun og verndun á nánasta umhverfi.

Sköpun

Að nemendur vinni með skapandi verkefni og þeir fái að nýta sköpunarkraft sinn og ímyndunarafli.

Jafnrétti

Að nemendur geri sér grein fyrir því að við erum ekki öll eins og að fjölbreytileiki og mismunur er eðlilegur.

Heilbrigði og velferð

Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og gæta hreinlætis.

Samfélagsfræði

Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur verði meðvitaðir um réttindi sín og skyldur í lýðræðissamfélagi og læri að taka ábyrgð á eigin lífi.

Læsi

Að nemendur læri að lesa á sitt nærumhverfi og þeir fái þjálfun í myndlæsi.

Sjálfbærni

Að nemendur verði meðvitaðir um endurvinnslu, flokkun og verndun á nánasta umhverfi.

Sköpun

Að nemendur vinni með skapandi verkefni og þeir fái að nýta sköpunarkraft sinn og ímyndunarafli.

Jafnrétti

Að nemendur geri sér grein fyrir því að við erum ekki öll eins og að fjölbreytileiki og mismunur er eðlilegur.

Heilbrigði og velferð

Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og gæta hreinlætis.

List- og verkgreinar

Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur verði þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í verkefnavinnu og lýðræðisleg vinnubrögð verði æfð í einstaklings- og hópavinnu, þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín.

Læsi

Að nemendur læri að lesa í mismunandi eiginleika efniviðs, áhalda, tækja og hljóðfæra og læri heiti þeirra. Nemendur fái þjálfun í að þekkja hugtök tengd viðfangsefninu.

Sjálfbærni

Að nemendur læri að þekkja endurvinnanleg efni sem unnið er með og flokka þau til endurvinnslu.

Sköpun

Að nemendur vinni með skapandi verkefni og þeir fái að nýta sköpunarkraft sinn og ímyndunarafli. Að hver nemandi geti útfært hugmyndir sínar á skapandi hátt.

Jafnrétti

Að nemendur fái að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Þeir fái verkefni við hæfi hvers og eins. Að nemendur geti unnið með sköpun sem hentar hverjum og einum.

Heilbrigði og velferð

Að tekið verði mið af þörfum allra nemenda hvað varðar nám í list- og verkgreinum til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Að nemendur vinni í andrúmslofti sem einkennist af jákvæðu viðhorfi til sköpunar og handverks. Nemendur læri rétta líkamsbeitingu og að umgangast efnivið, verkfæri, tæki og hljóðfæri á ábyrgan hátt.

Skólaíþróttir

Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur fái að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Þeir sýni gagnkvæmna virðingu bæði nemendum og starfsfólki. Að nemendur læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.

Læsi

Að nemendur hlusti og geti lesið á umhverfi sitt og eigin líkama.

Sjálfbærni

Að nemendur hugi að eigin velferð og annarra og skapi vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir.

Sköpun

Að líkamstjáning nemenda sé í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður.

Jafnrétti

Að nemendur geri sér grein fyrir að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.

Heilbrigði og velferð

Að nemendur geri sér grein fyrir gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.

Erlend tungumál

Lýðræði og velferð

Að nemendur geti tjáð sig og komið með hugmyndir. Að nemendur verði virkir og taki þátt í samræðum t.d. sem spjallfélagar og í gegnum söng og leik. Þeir vinni með verkefni tengd nærsamfélaginu.

Læsi

Að nemendur geti lesið einfaldan texta þar sem áhersla er á að þjálfra læsi og auka orðaforða.

Sjálfbærni

Að nemendur geti farið eftir einföldum leiðbeiningum.

Sköpun

Að nemendur vinni myndverk og geti lýst því munnlega. Þeir læri að njóta þess að byrja að læra nýtt tungumál.

Jafnrétti

Að allir nemendur fái tækifæri til að taka virkan þátt í náminu og geti tjáð sig.

Heilbrigði og velferð

Að nemendur vinni með fjölbreytt verkefni þar sem hver og einn fær að njóta sín.

Upplýsingamennt

Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur þekki umgengnisreglur sem gilda um tölvur í skólanum. Nemendur komi fram við aðra af virðingu og ábyrgð.

Læsi

Að nemendur þjálfist í að lesa bæði myndrænt og á texta í þeim verkefnum sem þau vinna að. Að nemendur þjálfist í að nota hlustun við vinnu sína í tölvum og nýta sér gagnvirkt námsefni.

Sjálfbærni

Að nemendur umgangist vinnusvæði sitt af virðingu og ábyrgð.

Sköpun

Að nemendur geti nýtt sér tæknina á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Jafnrétti

Að nemendur þjálfist í að skiptast á og taka tillit til hvers annars þegar unnið er í tölvum. Þeir sýni hver öðrum þolinmæði og hjálpssemi. Að nemendur nýti upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt sér til ánægju og gagns.

Heilbrigði og velferð

Að nemendur fái tækifæri til að vinna út frá eigin styrkleikum, sýna frumkvæði, vinna sjálfstætt og í hóp.